

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1976.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Skúli Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

### Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I .....	kr. 330.00
Millifiskur nr. I .....	— 316.00
Smáfiskur 40/60 nr. I .....	— 267.00
Smáfiskur 60/100 nr. I .....	— 237.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

### Söltuð ufsaflök

15/20 FF .....	kr. 336.00
15/20 AB .....	— 292.00
21/25 FF .....	— 324.00
21/25 AB .....	— 282.00
26/30 FF .....	— 312.00
26/30 AB .....	— 271.00
31/35 FF .....	— 301.00
31/35 AB .....	— 262.00
36/40 FF .....	— 290.00
36/40 AB .....	— 252.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75%, af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1976.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*